

25. ÁGÚ. 2021

Bréfalykill: \_\_\_\_\_ **Bakkahvammur hses.  
Stjórnarfundur.**

Fimmtudaginn 19. ágúst 2021 var stjórnarfundur Bakkahvamms hses. haldinn í fjarfundi og hófst hann kl.16:00

Mættir voru: Einar Jón Geirsson, Eyjólfur Ingvi Bjarnason, Sigrún Margrét Halldórsdóttir og Sindri Geir Sigurðarson.

Einnig sátu fundinn Kristján Sturluson, sveitarstjóri Dalabyggðar og Jóhanna María Sigmundsdóttir, verkefnastjóri hjá Dalabyggð sem jafnframt ritar fundargerð.

Einar Jón Geirsson formaður stjórnaði fundi.

### 1. Lokafrágangur á lóðum

Útreikningur á kostnaði við lokafrágang sýnir að kostnaður gæti orðið um og yfir 1.600.000 kr.

Fjárhagsstaða Bakkahvamms hses. er ekki nógu góð til að hægt sé að ganga í verkið. Stjórn ræðir hvaða möguleika sé hægt að skoða.

Lagt er til að nýta það fjármagn sem er til, til að ganga frá lóðum eins og hægt er fyrir veturinn.

*Samþykkt.*

### 2. Samskipti við Bríet

Þetta verkefni hefur gengið hægt. Erfitt er að ná tali af ráðherra varðandi þær forsendur sem lagt var upp með, að hægt yrði að yfirfæra verkefni til Bríetar.

Á fundi kom fram að félag um íbúðir í Húnaþingi vestra væri í sömu stöðu, kom fram hugmynd að verða samferða þeim í samskiptum við Bríet varðandi það og lagt til að það verði unnið áfram með samtali.

Þá er lagt til að samtal við Bríet varðandi sameiginleg samskipti við Hrafnshól vegna vankanta á íbúðum haldi áfram.

*Samþykkt.*

### 3. Erindi frá leigjendum

Erindi móttakið 1. júlí varðandi hvort hægt sé að fá þvottasúrur fyrir íbúðir 8a – c.

Lagt til að það verði skoðað fyrir allar íbúðir í samtali við Bríet og kannað hvort hægt sé að koma á afnotum álíka þeim sem tíðkast í fjölbýlishúsum.

Ábendingar frá leigjendum varðandi vankanta á íbúðum eru teknar til greina og áfram unnið að því með Bríet gagnvart Hrafnshóli.

*Samþykkt*

**4. Önnur mál**

a) Skoða þarf hvernig skipan stjórnar skuli háttað þegar íbúi sem situr í stjórn flytur úr húsnæðinu.

b) Íbúðin í Bakkahvammi 8a hefur verið auglýst til leigu. Umsóknarfrestur er til 30. ágúst nk. og þarf stjórn þá að koma saman sem fyrst til að afgreiða þær umsóknir sem berast.

*Samþykkt*

Fleira ekki gert og fundi slitið 16:19